



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Suðurnes- sterkari saman!

Sóknaráætlun Suðurnesja

2025 –2029



Suðurnes til framtíðar



Fyrir vestan Grindavíkur, milli hennar og Hafna, er Reykjanes, hraunvaxið land og brunnið og graslaust að fráteknunni Grasfelli (so heitir eitt fell mitt á nesinu), sem grasgróið er og óskýrt hver eigi segir Árni Magnússon handritasafnari í ritinu Chorographica Islandica.

Í texta Árna segir einnig að Rosthvalanes er á milli Keflavíkur og Hafnavogs, það sem menn nú kalla Suðurnes eða distinctius (þ.e. nánar tiltekið): Hólmsleiru, Garð, Miðnes, Stafnes.

Árið 1839 ritaði sr. Sigurður B. Sívertsen sóknarlýsingu en hann var sóknarprestur í Útskála- prestakalli sem þá náði yfir Útskála, Hvalsnes og Kirkjuvogssókn. Í sóknarlýsingu segir m.a. „Úr fjarlægum plátsum eru þessar sóknir kallaðar Suðurnes, til aðgreiningar við Innes, nl. Seltjarnar- og Álftanes. Eiginlega heitir samt ekki annað Suðurnes en Hvalsnessókn, allt frá því nesinu fer að veita til suðurs frá fyrrnefndum Skaga, sem vestast liggur af landinu.”

Talið er að nafnið Suðurnes sé upphaflega komið frá vermönnum, helst Norðlendingum. Fram kemur í fjórða bindi, Landið þitt, Ísland að þeir hafi notað það um Rosmhvalanes, Álftanes og Seltjarnarnes til aðgreiningar frá Akranesi og Kjalarnesi. Jafnframt kemur fram að Þorvaldur Thoroddsen hafi fyrir nefnt svæðið suðvestan Hafnarfjarðar, Reykjanesskaga það má því segja að fyrr á tímum hafi verið gerður skýr greinarmunur á Reykjanesi og Suðurnesjum þar sem það fyrrnefnda var „hællinn” á skaganum en það síðarnefnda „táin”, en í dag sé nokkurn veginn um sama svæði að ræða.

Hvort sem notað er Suðurnes eða Reykjanes um svæðið er ljóst að fólk hefur sótt vinnu inn á okkar svæði í langan tíma. Íbúafjölgunin á sér engin fordæmi á Íslandi og við búum í fjölmenningsamfélagi.

Í upphafi árs 1998 bjuggu hérna **15.715** manns en í upphafi árið 2025 voru íbúar **31.631** en það er rúmlega **100%** fjölgun. Árið 2008 var hlutfall erlendra íbúa á Suðurnesjum **9,8%** en er árið 2025 **32%** eða **10.163**. Hluti af skýringu er mikill vöxtur í atvinnulífi, sem þarf að mæta með vinnuafli. Þá sýnir þróunin það að fólk sest að til lengri tíma á Suðurnesjum.

Þrautsegja og dugnaður hefur einkennt íbúa Suðurnesjanna í gengum tíðina og hafa áskoranir verið margar. Við trúum því að Reykjanesskaginn sé lífæð landsins og þessi orð eigi enn við okkur.

Gull að sækja í greipar þeim geigvæna mar ekki nema ofurmennum ætlandi var.

Sagt hefur það verið um Suðurnesjamenn, fast þeir sóttu sjóinn og sækja hann enn.

Ólína Andrésdóttir

Við þökkum öllum þeim fyrir sem lögðu hönd á plóg við að gera sóknaráætlun fyrir Suðurnes til næstu fimm ára. Án ykkar framlags hefði þetta ekki orðið að veruleika.

Suðurnesjum, janúar 2025

Berglind Kristinsdóttir

Framkvæmdastjóri — Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Hvað er sóknaráætlun?

Sóknaráætlun lýsir því hvaða sameiginlegu verkefni við munum setja í forgang á Suðurnesjum næstu fimm árin. Við eigum líka svæðisskipulag, sem gildir fyrir öll Suðurnesin. Þar er horft til lengri tíma, 25 ára.

Með sóknaráætluninni fylgja peningar

Suðurnesjamenn geta sótt um styrki í uppbyggingar-sjóð á hverju ári. Að auki eru valin stærri áhersluverkefni sem eru til fleiri ára.

5 ára
aðgerðaráætlun

475 m. Fjármagn
til góðra verka

175 m. Samstaða um
sameiginleg verkefni

300 m. Upphæðir í uppbyggingar
sjóð og áhersluverkefni

Suðurnes í hnotskurn

Við erum yngst á Íslandi – höfum lægstan meðalaldur

Það er ekki vegna þess að við eignumst fleiri börn, heldur út af ungum innflytjendum. Hvergi eru fleiri íbúar með erlent ríkisfang.

Hingað hafa margir flust vegna vinnu síðustu árin.

Stærstu atvinnugreinarnar byggja á flugi og fiski.

Hér hefur fólki fjölgað hraðast á undanförunum árum.

Suðurnes



36,1 ár

Meðalaldur íbúa

Ísland



38,8 ár

26%

Hlutfall íbúa með
erlent ríkisfang

17%

97%

Fólksfjölgun síðustu 25 ár

41%

Suðurnes til framtíðar

Suðurnes er lífæð Íslands. Við ætlum að efla fjölbreytt atvinnulíf þar sem sköpunarkraftur íbúa nýtur sín. Við ætlum að lyfta upp einstakri náttúru svo bæði íbúar og ferðamenn fái betur notið hennar.

Suðurnesjamenn er fjölmeningarsamfélag þar sem íbúar koma úr mörgum áttum. Menningin er fjölbreytt og sagan kemur á óvart.

Við ætlum að styðja þá sem opna dyr og tengja fólk og efla staðina þar sem fólk hittist og upplifir saman.

Á Suðurnesjum á fjölbreytnin að njóta sín.



Staðan – Umbrotatímar

Eldsumbrotin á Reykjanesskaganum hafa haft víðtæk áhrif á samfélag og atvinnulíf fólks á Suðurnesjum. Grindvíkingar bera þyngstar byrðar en enginn íbúi Reykjanesskagans fer varhluta af atburðunum.

Þetta hefur haft áhrif á alla hluta samfélagsins: atvinnulíf, skólamál, húsnæðismarkað o.fl. Miklar breytingar og óöryggi hafa áhrif á sálarlíf fólks og uppvöxt barna.

Suðurnes standa frammi fyrir sértækum áskorunum, sem enginn annar landshluti glímir við. Mikil áhersla hefur verið lögð á varnir á innviðum en mikilvægt er að leggja áherslu á að styðja við fleiri aðgerðir sem ná yfir mismunandi þætti atvinnulífs, umhverfi og samfélag.



Við þurfum varnarveggi um samfélagið, viðbragðsaðgerðir í lýðheilsu og aukið afl fyrir atvinnulífið.

Staðan – Atvinnulíf

Reykjanesskaginn á dýrmætar auðlindir. Hér býr orka bæði í jörðu og í fólki. Hafnirnar og flugvöllurinn opna dyr að umheiminum. Við höfum burði til að laða til okkar enn fleiri atvinnurekendur. Til þess þarf sameiginlega og markvissa markaðssetningu Suðurnesja.

Vegna flugvallarins eru mörg störf tengd ferðapjónustu og flutningum. Hann færir kraft en gerir okkur einnig viðkvæm fyrir sveiflum.

Ferðapjónusta er öflug atvinnugrein sem skapar fjölda starfa. En aðeins lágt hlutfall af þeim fjölda sem fer hér um gistir og nýtir þjónustu á Suðurnesjum. Komur og brottfarir þurfa að vera hjartsláttur ferðapjónustunnar á Suðurnesjum. Það eru ónýtt sóknarfæri í ferðapjónustu.



Á Suðurnesjum er sjávarútvegur sterk atvinnugrein og íbúar geta sótt menntun í faginu og tengdum greinum innan svæðisins.

Nýsköpun og þróun er öflug á svæðinu og fyrirtæki leita leiða til að skapa ný verðmæti. Við gætum sótt enn meira í styrki og sjóði fyrir nýsköpun og tækniþróun.

Staðan – Samfélag

Suðurnes eru vaxtarsvæði

Fjölgun íbúa hefur verið umfram meðaltal á landsvísu. Samsetning íbúa er fjölbreytt. Ungt fólk hefur flutt á svæðið og í dag er hér hæst hlutfall innflytjenda á Íslandi. Áhrifaríkasta leiðin til inngildingar er þegar jafningjar vísa veginn til aukinnar þátttöku í samfélaginu.

Suðurnes eru með yngstan meðalaldur miðað við aðra landshluta. Við gerum vel í ungmennastarfi og ungmenni og ungt fólk upplifir að þau hafi rödd og tækifæri.

Lýðheilsan ber mörg einkenni þess að launastig og menntunarstig er lægra en landsmeðaltalið. Við hreyfum okkur minnst af öllum á Íslandi.



Á Suðurnesjum er hátt hlutfall iðnmenntaðra sem styrkir stöðu uppbyggingar innviða á svæðinu.

Staðan – Umhverfið

Á Suðurnesjum eru vegalengdir stuttar, umferð mikil og þjónusta takmörkuð. Hlutfall þeirra sem hjóla og ganga er lægra en búast má við á svo þéttbýlu svæði. Nokkuð skortir upp á samhæfingu sveitarfélaga fyrir góða innviði og þjónustu.



Reykjanesið er eintakt á heimsvísu

Við erum UNESCO Global Geopark. Náttúran er einstök, og mikilvægt að þekkingu og fræðslu til íbúa og gesta. Eintakt umhverfið gefur okkur tækifæri á að efla útikennslu og kveikja áhuga ungs fólks á vísindum og tækni.

Gróðurþekja er víða rofin og vistkerfin viðkvæm. Við erum meðvituð um hvernig við getum grætt og ræktað í sátt við vistkerfi og landslagsupplifun.

Þekkingu okkar á kolefnisspori og umhverfisáhrifum er ábótavant. Til þess að geta tekið upplýstar ákvarðanir þarf að auka hana.

Þekkingu heimamanna skortir

Sagan okkar geymir bæði lífsbaráttu við ysta haf, nábýlið við erlend áhrif af vellinum og margt fleira.

Saga þeirrar merkilegu samfélagsmótunar sem hefur átt sér stað hér undanfarna áratugi verðskuldar meiri athygli en hún hefur fengið.

Menningin okkar hefur lengi verið fjölbjóðleg. Fjölbreyttur bakgrunnur Suðurnesjabúa er menningarlegt ríkidæmi.

Við eigum ríka íþróttamenningu og íþróttastarf er öflugt á öllum stigum. Fjöldi atvinnufólks kemur af Suðurnesjum og áhersla er á heilsueflingu.

Frá Suðurnesjum hafa komið margir þjóðþekktir listamenn og áhersla á hvers konar listsköpun er í hávegum höfð.



Þekkingu heimamanna skortir á því menningarstarfi sem hér fer fram. Samkeppnin við höfuðborgarsvæðið er hörð. Til mikils er að vinna með á aukinni markaðssetningu menningarlífsins og samstarfi menningaraðila. Til þess að snúa straumnum þurfa heimamenn og gestir að vita hvað er í boði.

Sterkari Suðurnes

Til að styrkja Suðurnes ætlum við að

Virkja sköpunarkraft og hugvit fyrir fjölbreytt atvinnulíf, stuðla að hringrásarhagkerfi og vinna að 100% nýtingu auðlinda.

Rétta jafningjum hönd til að auka þátttöku í samfélaginu og bæta lýðheilsu.

Efla þekkingu á umhverfinu, draga úr losun og rækta Suðurnes í sátt við náttúruna.

Veita listsköpun farveg og auðga menningarlíf Suðurnesja.



Atvinnulíf



Samfélag



Umhverfi



Menning

Atvinnulíf

Við ætlum að virkja sköpunarkraft og hugvit fyrir fjölbreytt atvinnulíf og betri nýtingu auðlinda



- Styðja við sérhæfingu og nýsköpun sem byggir á styrkleikum og þekkingu Suðurnesja.
- Samhæfa stefnu og markaðssetningu fyrir öflugra atvinnulíf.
- Byggja upp öflugt stuðningsumhverfi nýsköpunar til að auka fjölbreytni atvinnulífs.
- Efla þekkingu á styrkjum og tækifærum fyrir nýsköpun og tækniþróun og styðja sérstaklega við frumkvæði innflytjenda til atvinnusköpunar.
- Efla heildstætt tilboð þjónustu og upplifunar fyrir ferðamenn.

Samfélag

Við ætlum að rétta jafningjum hönd til að auka þátttöku í samfélaginu og bæta lýðheilsu



- Styrkja viðburði og tengslanet þar sem jafningjar opna öðrum dyr inn í samfélagið
- Efla hreyfingu og útivist til þess að auka gleði og bæta lýðheilsu
- Auka umhverfismenntun og samstarf skóla við Reykjanes Geopark og UNESCO
- Stuðla að samhæfðri þjónustu við nýja íbúa, sem styður frumkvæði og þátttöku
- Tryggja velferð allra barna
- Efla menntun á framhalds- og háskólastigi á sviði nýsköpunar og rannsókna með tengsl við atvinnulíf, staðhætti og auðlindir
- Auka aðgengi að þjálfun og kennslu í íslensku

Umhverfi

*Við ætlum að auka þekkingu á umhverfinu,
draga úr losun og rækta Suðurnes
í sátt við náttúruna*



- Vinna að vistvænum samgöngum þvert á sveitarfélögin sem stuðla að aukinni hreyfingu, samþættingu iðkunar barna í íþróttum og fjölbreytni menningar og tómstunda.
- Efla fræðslu og vitundarvakningu um umhverfismál.
- Auka þekkingu á losun gróðurhúsalofttegunda á Suðurnesjum og beita markvissum aðgerðum til að draga úr losun.
- Bæta aðgengi að og upplýsingar um sérstæða náttúru Suðurnesja og markaðssetja útivistarsvæði þvert á sveitarfélög.
- Rækta Suðurnes í takt við heildstæða landgræðslu- og skógræktar-áætlun; auka skjól og skógaryndi á forsendum náttúru og upplifunar á landslagi.

Menning

*Við ætlum að veita listsköpun farveg
og auðga menningarlíf Suðurnesja*



- Efla ímynd svæðisins í samstarfi sveitarfélaga.
- Greiða götu listsköpunar til þess að bjóða Suðurnesja-
búum fjölbreytt menningartilboð.
- Efla miðlun um sögu svæðisins, einstakar jarðsögulegar
minjar og yfirstandandi eldsumbrot.
- Gefa innflytjendum og menningu þeirra sess í menningar-
lífinu og kynna menningarheimana hvern fyrir öðrum.
- Styrkja menningarlíf og félagsstarf ungs fólks.
- Efla staði þar sem ungt fólk hittist, leikur og iðkar íþróttir.
- Efla samstarf menningarstofnana þvert á sveitarfélög.

Mælikvarðar

Atvinnulíf

Hlutfall nýrra fyrirtækja
Atvinnuþátttaka erlendra
ríkisborgara
Hlutfall landshlutans af
gistinóttum á Íslandi

Umhverfi

Losun gróðurhúsalofttegunda
Hlutfall fullorðinna sem hjólar
eða gengur þrisvar sinnum í viku eða
oftar til vinnu eða skóla
Endurheimt vistkerfi

Samfélag

Hlutfall fullorðinna sem finna
fyrir einmanaleika
Þátttaka innflytjenda í menningu
og tómstundum
Hlutfall fullorðinna sem stundar
litla sem enga miðlungserfiða eða
erfiða hreyfingu á viku

Menning

Jákvætt viðhorf til svæðisins
Hlutfall safna landshlutans af öllum
safnagæstum á landsvísu
Hversu margir vinna við menningu



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Skógarbraut 945

Sími 420 3288

sss@sss.is